

Tillögur aðildarféлага til búnaðarþings 2020 sem vísað er til allsherjarnefndar þingsins.

1. Tillaga frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Efni: Afleysingaþjónusta bænda

Búnaðarþing 2020 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að unnið verði í samvinnu við stjórnvöld að koma á fót afleysingakerfi fyrir bænda að finnskri fyrirmynd.

Greinargerð:

Aðgengi að hæfu starfsfólki til afleysinga í landbúnaði er brýnt. Slík þjónusta gæfi bændum aukna möguleika á að taka sér frí með reglubundnum hætti.

Við ákveðnar aðstæður er þörf á afleysingu fyrirvaralaust. Það er því mikið öryggi sem felst í því að hafa aðgengi að slíkri þjónustu bæði fyrir bændur sem atvinnurekendur og ekki síður ef horft er til dýravelferðar.

Með því að skapa skýran ramma utan um slíka starfsemi má tryggja aðgengi að hæfu starfsfólki.

Í nágrannalöndum hafa bændur möguleika á að sækja sér framlag frá ríki til þess að greiða niður kostnað við afleysingu þegar tekin eru frí.

Bændur í dag hafa aðrar kröfur um frítíma og samveru með fjölskyldu en eldri kynslóðir. Öflug afleysingaþjónusta gefur bændum kost á því að taka sér frí hvort sem er til lengri eða skemmri tíma og er hvati til nýliðunar í landbúnaði.

2. Tillaga frá Búnaðarsambandi Austurlands

Efni: Hagtölur og mælaborð landbúnaðarins

Markmið

Aðgengilegar upplýsingar um stöðu landbúnaðar og matvælaframleiðslu á Íslandi sem eru birtar reglulega og sýna breytingar innan árs eða tímabils.

Leiðir

Upplýsingum safnað hjá RML

Framgangur

Stjórn BÍ leiti leiða til að koma þessu í framkvæmd í samstarfi við RML og leita til þeirra aðila sem hafa viðeigandi upplýsingar. Dæmi; innvegin mjólk, staða kjötsölu innlent vs innflutt, marksstaða íslenskrar framleiðslu s.s. grænmeti, jólatré, kjúklinga, jarðupplýsingar svo sem nýræktun, í allri sinni mynd, korn, skógur o.fl. Núverandi staða; Heimasíða BÍ með upplýsingar frá 2017, árlega birtir MAST tölur í ársskýrslu sinni, búgreinasamtök birta

eitthvað af tölum. Vantar einn vettvang svipað og mælaborð ferðþjónustunnar <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/> og VITINN hjá sjávarútveginum <https://sfs.is/greinar/vitinn/> Upplýsingar verði birtar á heimasíðu RML og Bændablaðinu .

3. Tillaga frá Búnaðarsambandi Austurlands

Efni: Friðun landsvæða og stofnun þjóðgarðs

Markmið

Að friðun landsvæða og stofnun þjóðgarðs sé gerð í samvinnu og með samþykki landeigenda og sveitarfélaga.

Leiðir

Landsvæði verði ekki tekið undir friðunarákvæði án þess að ýtarlegt samráð verði haft við alla hagaðila að málinu og horft til áhrifaþátta svo sem atvinnveg, landbúnað og fleira. Fara hægt í sakirnar.